laganna; sem lögákveðnar aukatekjur geta innheimtulaunin aldrei skoðast, enda ættu þau þá að renna í landssjóð samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877, 1. gr. **62** 25. marz.

2. Tekjur fyrir aukaverk presta eru beinar, lögákveðnar embættistekjur, sem taldar eru með í mati brauða og falla beint undir fyrirmæli laganna, því að upptalning sú á embættistekjum, sem stendur í 5. gr. þráttnefndra laga, er hvorki nje á að vera tæmandi.

3. Um borgun fyrir læknisverk er svipað að segja. Þó að slíkar tekjur væru ekki skattskyldar sem embættistekjur, þá eru þær, hvernig sem á er litið, atvinnutekjur, svo að það kemur ekkert við spurningunni um skattskyldu þeirra, hvort allar skattskyldar embættistekjur eru upp taldar í 5. gr. eða ekki.

4 Leigulaus afnot prestssetra eru, eins og þjer takið fram, beinar embættistekjur presta, en ekki tekjur, er stafa af landbúnaði. Niðurlag 5. gr. í tekjuskattslögunum getur því ekki átt þar við, heldur ber að greiða skatt af þeim arði, er leigulaus afnot prestssetursins nema, eins og af afgjaldi annara kirkjujarða, því að það getur engan mun gert, hvort leiguliði greiðir prestinum jarðarafgjald, eða presturinn tekur afgjaldið undir sjálfum sjer sem ábúandi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um flutning á þingstað.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, þar sem hann fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Hólshreppi fer því fram, að þingstaður hreppsins megi eptirleiðis vera að Grundum í staðinn fyrir á Hóli, og hafið þjer mælt með því, að hið umbeðna verði veitt. **63** 31. marz.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til frekari þóknanlegrar birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til, að manntalsþing og hreppafundir fyrir Hólshrepp verði, að þar til fengna leyfi frá eiganda og ábúanda Grunda, haldnir að Grundum, og ber hreppsnefndinni að sjá fyrir eða útvega sæmilegt hús þar á staðnum til þinghaldanna.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um flutning á þingstað.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, þar sem hann fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Súðavíkurhreppi fer því fram, að þingstaður hreppsins megi eptirleiðis vera á Tröð í Álptafirði í staðinn fyrir á Súðavík, og hafið þjer eindregið mælt með því, að hið umbeðna verði veitt. **64** 31. marz

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til frekari þóknan-